



5. AÐALFUNDUR FG

Félag grunnskólakennara • Haldinn 17. og 18. maí 2011



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar

Stjórn Félags grunnskólakennara (FG)	3
Skrifstofa, starfsmannahald og fjármál félagsins	4
Svæðafélögin og samráðsfundir	4
Skólaheimsóknir og fundir með stjórnnum svæðafélaga	5
Samninganefnd	5
Samstarfsnefnd KÍ og LN	9
Skólamálanefnd	9
Fundir og námskeið með trúnaðarmönnum	10
Haustþing svæðafélaganna	10
Erlent samstarf	11
Aðalfundur FG 2008	11
Lokaorð	13

Viðauki 1

Fundargerð 7. ársfundar FG

Viðauki 2

Fundargerð 8. ársfundar FG

Viðauki 3

Stjórn, ráð og nefndir

Viðauki 4

Fulltrúar í ráðum og nefndum á vegum KÍ

Viðauki 5

Fulltrúar í samstarfsnefndum á vegum KÍ

5. aðalfundur FG haldinn 17. og 18. maí 2011
á Grand Hótel í Reykjavík

Skýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara 2008 -2011

Stjórn Félags grunnskólakennara (FG)

Á aðalfundi FG, sem haldinn var 13. og 14. mars 2008, voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins:

- Ólafur Loftsson KFR formaður
- Þórður Á. Hjaltested KMSK
- Inga María Friðriksdóttir KFR
- Guðbjörg Ragnarsdóttir KR
- Jóhannes Þór Skúlason KFR

Í varastjórn voru kjörin:

- Ólafur E. Lárusson KV
- Guðmundur Bj. Gylfason KS
- Hildur J. Agnarsdóttir KSA
- Sigurður Halldór Jesson KS
- Margrét Guðbrandsdóttir KR

Röð varamanna stjórnar er sú sama og í upptalningunni hér að framan.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skiptu stjórnarmenn þannig með sér verkum:

- Formaður: Ólafur Loftsson KFR
- Varaformaður: Þórður Á. Hjaltested KMSK
- Gjaldkeri: Inga María Friðriksdóttir KFR
- Ritari: Guðbjörg Ragnarsdóttir KR
- Meðstjórnandi: Jóhannes Þór Skúlason KFR

Á tímabilinu frá mars 2008 til dagsins í dag hafa verið haldnir um 34 stjórna- og vinnufundir.

Frá árinu 2008 hafa eftirfarandi breytingar orðið á stjórn: Þórður Árni Hjaltested lét af störfum sem varaformaður FG er hann tók við sem formaður KÍ á þingi sambandsins í apríl 2011. Jóhannes Þór Skúlason hætti kennslu og hvarf til annarra starfa 1. mars s.l. Varamenn hafa komið í þeirra stað, en nýr varaformaður var ekki kjörinn, þar sem stutt var í aðalfund félagsins.

Skrifstofa, starfsmannahald og fjármál félagsins

Starfsmannamál félagsins eru með eftirfarandi hætti:

Formaður, Ólafur Loftsson, er í fullu starfi.

Varaformaður, Þórður Árni Hjaltested, er í fullu starfi.

Þjónustufulltrúi, Sesselja G. Sigurðardóttir, er í fullu starfi.

Aðalfundur FG samþykkti fjárhagsáætlun félagsins fyrir tímabilið 2008 – 2011.

Á þingi KÍ var framlagið hækkað til samræmis við óskir og áætlanir aðalfundar FG.

Ákveðið var eftir fundarhöld í aðdraganda aðalfundar 2008 að skoða hvort ástæða væri til að breyta t.d. fjölda svæðafélaga og eða starfsemi þeirra. Niðurstaða þessa fundar var að svæðafélögum skyldi ekki fækkað. Ákveðið var að reyna frekar eftir mætti að styrkja svæðafélögin og gera þeim frekar kleift að starfa af meiri krafti á sínu svæði. Í samráði við svæðaformenn varð niðurstaðan sú að þeir fengu laun beint frá FG og yrði starfsmaður KFR og félagafjöldi á bak við hann, grunnur að því. Á þann hátt enduðu allir svæðaformenn FG í samtals 1,5 stöðugildi. Einnig var fjármagn til svæðafélaganna aukið þó nokkuð og fóru greiðslur úr 11.000.000 í 16.500.000. Því til viðbótar eru greiðslur til svæðaformanna sem áður voru hluti af framlagi til svæðanna. Þetta var einnig í samræmi við ályktun fjárhagsnefndar aðalfundar 2008. Einnig voru samþykkt viðmið um starf svæðafélaganna og til hvers er ætlast til af stjórnnum þeirra. Þetta fyrirkomulag er nú til endurskoðunar og umræðu í ljósi fenginnar reynslu á síðasta starfsári.

Svæðafélögin og samráðsfundir

Svæðafélög FG eru tíu. Þau gegna afar mikilvægu hlutverki í uppbyggingu félagsins. Stjórn hefur lagt áherslu á að efla tengsl við svæðafélögin og innan svæðanna. Í þessu skyni hefur formaður heimsótt flestar stjórnir svæðafélaganna. Heimasíðu FG og svæðafélaganna er ætlað að auka upplýsingagjöf til félagsmanna, auk þess sem svæðafélögin sjálf geta haft eigin vefsvæði án kostnaðar. Þar geta þau birt fréttir, verið með atburðadagatal, skoðanakannanir og ýmislegt fleira.

Skv. lögum FG skal stjórn boða til samráðsfundar með formönnum svæðafélaga a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundur er stjórn til ráðuneytis um stjórnun félagsins, m.a. við undirbúning aðalfundar og ársfunda. Mun fleiri fundir hafa verið haldnir heldur en lög gera ráð fyrir og er það vel. Stjórn tók þá ákvörðun í upphafi að tengja starf sitt meira við svæðaformennina. 14 samráðsfundir hafa verið haldnir á kjörtímabilinu.

Ýmis mál hafa verið rædd á samráðsfundunum. Má þar helst nefna fréttir frá félögunum og starfinu hjá þeim, kjaramál, skólamál, haustþing svæðafélaganna, fjármál þeirra, trúnaðarmannanámsskeið og margt fleira. Að auki hefur formaður FG hitt flestar stjórnir svæðafélaganna og hafa þeir fundir verið afar góðir og gagnlegir.

Það er fámennri stjórn félagsins mjög mikilvægt að hafa þann bakhjarl sem formenn og stjórnir svæðafélaganna eru og vill stjórn FG nota tækifærið og þakka þeim samstarfið á liðnum árum.

Skólaheimsóknir og fundir með stjórnnum svæðafélaga

Stjórn FG telur mjög mikilvægt að efla og styrkja tengsl við félagsmenn. Í þeim tilgangi hafa formaður og varaformaður farið í fjölmarga skóla, kynnt félagið og svarað spurningum kennara. Stjórn FG stefnir að því að heimsækja eins marga skóla og unnt er á kjörtímabilinu. Formaður hefur fundað með stjórnnum flestra svæðafélaga FG.

Tilgangur þeirra funda er að efla tengslin og heyra beint frá stjórnnum svæðafélaganna hvernig gengur á þeirra félagssvæði, fá viðbrögð við starfi FG auk þess að svara spurningum. Oft hefur skólaheimsóknum verið fléttað saman við þessar heimsóknir. Formenn KFR, KR og KMSK farið í margar heimsóknir í skólum á sínum svæðum og hafa þær tekist vel. Önnur félög þyrftu að huga að þessum þætti, þótt þau verði auðvitað að sníða sér stakk eftir vexti.

Samninganefnd

Samninganefnd FG skipa stjórn og fimm fulltrúar sem kjörnir eru á aðalfundi. Á aðalfundinum voru eftirtalin kjörin í samninganefnd:

- Örn Arnarson KfV
- Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir KS
- Sigurjón Magnússon BKNE
- Rannveig B. Þorkelsdóttir KFR
- Hreiðar Oddsson KMSK

Í varastjórn voru kjörin:

- Guðmundur Bj. Gylfason KS
- Ólafur Bernóðusson KS
- Lilja Margrét Möller KFR
- Bergþóra Þorsteinsdóttir KFR
- Ásdís Ólafsdóttir KMSK

Samninganefnd félagsins var því þannig skipuð:

- Ólafur Loftsson KFR formaður
- Þórður Á. Hjaltsted KMSK
- Inga María Friðriksdóttir KFR
- Guðbjörg Ragnarsdóttir KR
- Jóhannes Þór Skúlason KFR
- Örn Arnarson KfV
- Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir KS
- Sigurjón Magnússon BKNE

- Rannveig B. Þorkelsdóttir KFR
- Hreiðar Oddsson KMSK

Samninganefndin hefur haldið um 20 fundi á síðasta kjörtímabili.

Formaður FG er jafnframt formaður samninganefndar.

Ritari nefndarinnar var kosin Rannveig B. Þorkelsdóttir

Nokkrar breytingar hafa orðið á nefndinni. Þórður Árni og Jóhannes Þór hættu á tímabilinu. Í þeirra stað komu Ólafur E. Lárusson KV og Hildur Jórunn Agnarsdóttir KSA.

Í viðræðunefnd voru valin:

- Ólafur Loftsson KFR formaður
- Þórður Á. Hjaltested KMSK
- Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir KS
- Sigurjón Magnússon BKNE
- Hreiðar Oddsson KMSK

Guðbjörg Ragnarsdóttir KR kom í stað Þórðar Árna Hjaltested, þrátt fyrir að hann starfi enn með samninganefnd og viðræðunefnd eftir aðstæðum í yfirstandandi kjaraviðræðum.

Hlutverk samninganefndar er í lögum félagsins:

- Að ganga frá endanlegri kröfugerð.
- Að annast gerð kjarasamninga.
- Að taka ákvörðun um hvort efna skuli til atkvæðagreiðslu um verkfall.
- Að taka ákvörðun um hvort undirrita eigi kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna og um hvort fresta skuli verkfalli.

Meðal helstu verka samninganefndar hafa verið:

Viðbrögð við bankahruninu og verkefni tengd því
 Umfjöllun um vinnustaðasamninga
 Vinna við undirbúning kröfugerðar
 kynningar á samningsmarkmiðum
 Samningaviðræður við SNS

Félagið var í miðjum kjaraviðræðum þegar síðasta aðalfundur félagsins var haldinn. Sú samninganefnd sem var að störfum fékk umboð til að halda því starfi áfram, en í nánu samstarfi við þá nefnd sem kosin var á aðalfundinum. Unnið var út frá „hagsmuna miðaðri“ samningatækni sem viðsemjendur höfðu sameiginlega tileinkað sér. Félagið setti sér eftirfarandi samningsmarkið fyrir viðræðurnar 2008:

Markmið FG vegna kjaraviðræðna 2008

Samninganefnd FG viðaði að sér miklum gögnum í aðdraganda kjaraviðræðnanna. Alls staðar komu fram sömu áherslur hjá félagsmönnum, það er að hækka grunnlaun. Markmið FG bera þess vott. Þau voru fá, einföld og skýr:

1. að grunnlaun grunnskólakennara verði að lágmarki jöfn grunnlaunum annarra háskólamenntaðra stétta.
2. að semja til stutts tíma.
3. að hreyfa ekki við vinnutímaákvæðum kjarasamningsins.
4. að ná sátt um framkvæmd einstakra þátta í kjarasamningnum.
5. að aðilar verði sammála um að á samningstímanum verði unnið áfram að sameiginlegri sýn aðila í skólamálum og frekari greiningu á kjarasamningi aðila sbr. „samkomulag“ frá mars 2007.

Skrifað var undir kjarasamning þann 28. apríl 2008. Helstu atriði hans voru:

- Samningurinn var framlenging á gildandi samningi með eftirfarandi breytingum:
- 01.06.2008 hækkuðu öll laun um 25.000 kr.
- 01.08.2008 varð breyting á launaprepum auk þess hækkuðu öll laun um 9.000 kr.
- 01.10.2008 öll starfsheiti röðuðust einum launaflokki ofar
- 01.01.2009 hækkaði launatafla um 2,5%
- Ákveðin lögbundin réttindi voru færð inn í kjarasamninginn
- Sveitarfélögum var heimilað að greiða viðbótarlaun með svokölluðum TV-einingum
- Nýtt starfsheiti verkefnastjóra kom inn
- Breyting var gerð á texta bókunar 5 og grein 2.1.2
- Kveðið var á um skylduaðild að LSR

Öll samningsmarkmið FG náðust með þessum samningi og var hann borinn undir atkvæði í byrjun maí 2008 og féllu atkvæði þannig:

Á kjörskrá voru	4646
Atkvæði greiddu	4068 eða 87,6%
„Já“ sögðu	3221 eða 79,2%
„Nei“ sögðu	727 eða 17,9 %
Auðir seðlar og ógildir	120 eða 2,9%

Samningurinn var því samþykktur með miklum meirihluta.

Í 14. grein kjarasamningsins stóð eftirfaraandi klausa:

Í kjarasamningi aðila kom fram í 14. grein:

Markmið C og sameiginleg sýn

Í samræmi við markmið C verður á samningstímanum unnið áfram að sameiginlegri sýn aðila í skólamállum og frekari greiningu á kjarasamningi aðila, sbr. samkomulag frá mars 2007. Jafnframt verði undirbúnað eftir atvikum breytingar á kjarasamningi til að styðja við framgang sameiginlegrar skólastefnu. Samningsaðilar skipi eigi síðar en í ágúst 2008 fulltrúa í starfshóp, skv. nánar samkomulagi, til að vinna að þessu verki, ásamt fulltrúum SÍ.

Í anda þessarar greinar hófst undirbúningur að því að skipa í ofangreindan starfshóp, auk þess að undirbúa fundarhöld vítt og breitt um landið til að fá fram skoðanir kennara á þeim skólamállum sem rædd skyldu. Í september varð síðan bankahrúnið með þeim

afleiðingum fyrir þetta starf að það hefur aldrei hafist. FG hefur margsinni boðið sveitarfélögunum að hefja þetta starf, en sökum mikillar vinnu og óvissu í fjármálum sveitarfélaga hafa þau að eigin sögn ekki getað farið í þessa vinnu. FG hefur að vissu leyti haft skilning á þessari stöðu, en telur reyndar löngu tímabært að hefja þessa vinnu.

Eftir fundarhöld í kjölfar bankahrunsins og ársfundar 2009 var ljóst að verkefni félagsins yrðu fyrst og fremst að standa vörð um kjarasamninginn og störf félagsmanna sinna, í þessari röð. Frá hrúni hefur verið hart sótt að kjarasamningnum og ýmsar skrítnar leiðir og hugmyndir komið fram til að draga úr launakostnaði með því að „krukka“ í kjarasamninginn. Allar þessar tilraunir hafa mistekist og stendur sá kjarasamningur sem gerður var 2008 án nokkurra breytinga.

Ekki verður annað séð en að það hafi tekist þokkalega að „verja störfin“, því fjöldi kennara á atvinnuleysiskrá er svipaður og á árunum fyrir hrún.

Haustið 2009 ákváðu aðilar vinnumarkaðarins að hefja vinnu við gerð svokallaðs stöðugleika sáttmála. Honum var ætlað að koma til móts við þá launamenn sem lægst höfðu launin, 210.000 kr. og minna. KÍ tók þátt í þessari vinnu og kom að sjónarmiðum kennara. Ljóst var að sáttmálinn myndi ekki færa félagsmönnum KÍ, BHM, BSRB og fleirum neinar kjarabætur, enda grunnlaun þessara stétta yfir 210.000 kr. á mánuði. Ríkisvaldið féllst á að ekki yrðu gerðar breytingar á lögum sem hefðu áhrif á starfsumhverfi kennara sem aftur hefðu bein eða óbein áhrif kjör þeirra. Ritað var undir stöðugleikasáttmálann í júní 2009 og á grundvelli hans skyldu síðan aðilar á vinnumarkaði semja. Ákveðið var geyma samningsgerðina við félögin í KÍ fram á haust, þar sem ekki er gott að ná til kennarahópsins yfir sumartímenn. Um haustið kom svo í ljós að félög innan BSRB sem sömdu við ríkið gerðu samkomulag um greiðslur sem áttu að koma til framkvæmda í júní 2010 og miðuðust við 310.000 kr. grunnlaun. Þetta var ekki í anda stöðugleikasáttmálans og ekki varð úr gerð kjarasamninga við KÍ félögin sem semja við sveitarfélögin. Þegar þetta er skrifað í apríl 2011 hefur ekki enn verið gengið frá kjarasamningi við FG og samningar því verið lausir frá vori 2009.

Um nokkuð langt skeið hefur samninganefnd FG reynt að fá Samninganefnd sveitarfélaga í markvissar viðræður um gerð kjarasamnings. Samningsumhverfið hefur almennt séð verið afar sérstakt og stundum erfitt að átta sig á hver ræður för. Hver stóratburðurinn rekur annan sem truflar framgang viðræðna. Hægt hefur gengið og lítið þokast. Samningsmarkmið félagsins fyrir þessa lotu voru samin eftir hefðbundnum leiðum með vinnufundum samninganefndar, athugasemdum frá sérgreinafélögum, frá stjórnnum svæðafélaga, skoðanakönnunum, opnum fundum meðal kennara o.fl.

Markmið félagsins í yfirstandandi viðræðum eru:

- Launaleiðréttingar
- Stuttur samningstími svo hægt verði að hrinda markmiði C í framkvæmd úr fyrri samningi
- Leiðréttingar á ýmsum réttindamálum
- Starfsaðstæður og starfskjör

- Vinna áfram á samningstímanum í anda síðasta kjarasamnings og gera um það sérstaka tímasetta verk- og aðgerðaáætlun.
- Skýringar á nokkrum greinum kjarasamningsins

Vinnuhópur samningsaðila vinni að sameiginlegu starfatorgi, „reiknivélum“ og útgáfu handbókar með kjarasamningi til að auðvelda og skýra framkvæmd

Vonir standa til að hægt verði að ljúka kjarasamningum sem fyrst, þannig að kennarar fari ekki samningslausir í sumarfrí.

Samstarfsnefnd FG og SNS

Með breytingum á síðasta kjarasamningi þar sem Skólastjórafélag Íslands samdi sérstaklega urðu til tvær samstarfsnefndir, ein fyrir hvorn samning.

Ólafur Loftsson formaður FG og Þórður Árni Hjaltsted varaformaður FG eru fulltrúar FG og Inga Rún Ólafsdóttir forstöðumaður kjarasviðs sambands sveitarfélaga og Guðfinna Harðardóttir starfsmaður kjarasviðs sveitarfélaganna. Að auki hafa lögmenn aðila sótt fundi ef þörf er á og aðrir sérfræðingar. Mörg mál hafa komið til úrskurðar hjá nefndinni og stundum gengur oft hægt að þeka málum í gegn þar. Þó verður að segja að samstarf aðila hefur verið með besta móti, þótt stundum hrikni í. Nokkur erfið mál hafa komið upp og hafa flest verið leyst á vettvangi samstarfsnefndar, en nokkur eru óleyst og eitthvað af þeim gæti endað fyrir dómstólum.

Skólamálanefnd

Á aðalfundi Félags grunnskólakennara 2008 voru eftirtalin kjörin í skólamálanefnd:

- Kristín Jónsdóttir KFR form. (tilnefnd af stjórn)
- Brynja Áslaug Sigurðardóttir KMSK
- Guðbjörg Íris Atladóttir KFR
- Kristinn Svavarsson KMSK
- Ólafur Örn Pálmarsson KFR
- Svava Þ. Hjaltalín BKNE
- Þórunn Sif Böðvarsdóttir KFR

Í varastjórn voru kjörin:

- Lára Guðrún Agnarsdóttir KSV
- Valgarður Reynisson KMSK
- Unnur Sólrún Bragadóttir KMSK
- Líney B. Sigurðardóttir KFR
- Kristín Pétursdóttir KMSK

Formaður sem lögum samkvæmt er skipaður af stjórn var Kristín Jónsdóttir fyrsta starfsárið. Í samræmi við áherslubreytingar á starfi skólamálanefndar var nýr formaður skipaður á öðru starfsári úr stjórn félagsins. Við starfinu tók Inga María Friðriksdóttir sem varð að segja sig frá því síðar vegna mikilla anna og að lokum tók Þórður Árni

Hjaltsted við keflinu. Frá því að Þórður tók við formennsku í KÍ, hefur Brynja Áslaug borið ábyrgð á starfi nefndarinnar.

Lára Guðrún Agnarsdóttir tók við af Kristni Svavarssyni sem tók við sem stjórnandi í skóla á tímabilinu.

Skólamálanefnd FG hélt 14 fundi á kjörtímabilinu en tók auk þess þátt í tveimur ársfundum FG og ársfundum skólamálaráðs KÍ.

Hlutverk skólamálanefndar samkvæmt lögum Félags grunnskólakennara er:

- að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð,
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.
-

Störf skólamálanefndar FG mótast að mestu leyti af ákvörðunum aðalfundar FG en einnig berast nefndinni ýmis mál frá stjórn FG, framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ, menntamálaráðuneytinu, sveitarfélögunum auk fjölda annarra aðila.

Stærstu verkefni nefndarinnar á milli aðalfunda var að fjalla um og gefa umsögn um breytingar á grunnskólalögum og nýrri aðalnámskrá. Hvoru tveggja var mikil vinna, en að sami skapi ánægjulegt að sjá að álit félagsins skiptir máli og oft var tekið tillit til hugmynda FG í veigamiklum málum.

Fundir og námskeið með trúnaðarmönnum

Eitt af hlutverkum FG skv. lögum er að standa að námskeiðum fyrir trúnaðarmenn FG. Þessi námskeið eru haldin á haustin. Þar er farið er yfir gildandi kjarasamning. Auk þess eru til umfjöllunar önnur mál sem eru á döfinni. Má þar vinnuumhverfismál, kjaramál, aðferðafræðin við samningagerðina, skólamálin, undirbúning aðalfundar FG, þing KÍ o.s.frv.

Haustþing svæðafélaganna

Haustþing eru viðamestu verkefni svæðafélaganna úti á landi og jafnframt þau dýrustu. Á síðustu árum höfðu þau átt undir högg að sækja, en segja má að nú hafi svæðafélögin spyrnt við fótum og hafin sé sókn til að hefja þau aftur til fyrri vegs og virðingar. Forysta FG telur mikilvægt að fara á öll haustþingin og hafa formaður og/eða varaformaður haft tækifæri til að fara á þau öll. Haustþingin eru vel sótt. Þau bera hvert sín séreinkenni og engin tvö eru eins. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera metnaðarfull og vel undirbúin. Ljóst er að enn frekar þarf að festa haustþingin í sessi.

Erlent samstarf

Norrænu kennarasamtökin

Kennarasamband Íslands er aðili að *Nordiska Lärarorganisationers Samråd* – NLS. Félaginu er skipt í nokkrar deildir, þar með talin grunnskóladeild. FG er aðili að þeirri deild NLS og sækir að jafnaði tvo fundi á ári með fulltrúum annarra kennarasamtaka á Norðurlöndum. Á þessum fundum er skipst á skoðunum um skólamál, sagt frá því helsta sem er á döfinni í skólamálum í hverju landi fyrir sig og að auki er oft einblínt á eitt ákveðið efni sem er einskonar þema fundanna. Á síðustu árum hafa fundirnir verið haldnir í Noregi, Finnlandi og í ár verða þeir á Íslandi og að ári í Svíþjóð.

Aðalfundur FG 2008

Ýmsar ályktanir voru samþykktar á síðasta aðalfundi félagsins. Ástæða er til að nefna nokkrar þeirra og hvernig hefur verið unnið úr þeim. Ekki svo að skilja að þær hafi ekki allar verið góðra gjalda verðar, en hér verður minnst á þær helstu.

Ályktun frá fjárhagsnefnd

4. Aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til stjórnar FG að hún óski eftir aukafjárveitingu til félagsins frá KÍ til að greiða fyrir stöðu starfsmanns sem hefði eingöngu það hlutverk að styðja við og efla innra starf svæðafélaganna.

Eins og sjá má hér að framan í kafla um fjármál og reikningum félagsins hafa orðið miklar breytingar á fjárstreymi FG og sem dæmi fá allir svæðaformenn FG greidda þóknun beint frá FG auk hækkunar á framlögum til þeirra um 3.500.000 kr. Að auki hafa verkefni stjórna og svæðafélaga verið skilgreind.

Með þessum breytingum má segja að unnið hafi verið að ályktun frá nefnd um „innra starf og félagsmál“ en þar segir:

Tillaga um að styrkja svæðafélög með því að færa verkefni og störf út á land.

Tillaga um útgáfu Skólavörðunnar

Lagt til að skoðaðar verði eftirfarandi leiðir varðandi útgáfu Skólavörðunnar

- *að Skólavarðan verði gefin út rafrænt á sérstakri heimasíðu en valdar greinar birtar í veglegu ársriti. Auglýsingar geta birst á rafrænu útgáfunni.*
- *að fækka tölublöðum.*
- *að senda Skólavörðuna í pósti heim til að auka lestur hennar.*

Þessu var fylgt eftir af stjórn FG og meðal annars talað fyrir þessu í stjórn KÍ og á ársfundum KÍ. Skólavarðan kemur nú út fjórum sinnum á ári, auk þess sem hægt er að afþakka hana á pappír og lesa rafrænt. Að auki kemur nú út rafrænt fréttabréf á vegum KÍ, Eplið.

Á nýafstöðnu þingi KÍ var samþykkt að fækka blöðunum í tvö árlega, gera þau stærri, veglegri og faglegri auk þess að efla aðra útgáfu á vegum KÍ.

Tillaga um áhrif kennara á innri málefni skóla.

4. aðalfundur FG leggur áherslu á að kennarar hafi áfram sem hingað til áhrif á ákvarðanatöku um innri málefni skólans eins og verið hefur í gegnum kennarafundi og kennararáð.

Í vinnu við breytingar á grunnskólalögum beittu fulltrúar FG sér af miklum þunga í þessu máli, þótt niðurstaðan væri félaginu okkur ekki að öllu leyti að skapi. Það er skoðun okkar að því miður hafi áhrif kennara á innri málefni skólans verið skert, þrátt fyrir að mörg fagleg rök hafi mælt með því að auka þau áhrif frekar en að draga úr þeim.

Tillaga um að könnuð verði lögboðin kennsla nemenda

Tillaga:

4. aðalfundur FG vill að tryggt sé að nemendur fái lögboðna kennslu hjá grunnskólakennara. 4. aðalfundur vill að skoðað verði hvaða störf stuðningsfulltrúum, þroskaþjálfum og skólaliðum er falið að sinna innan skólanna.

Mikil ástæða hefur verið til að fylgjast með þessu í kjölfar bankahrunsins. Mörg dæmi hafa komið upp þar sem grunur hefur vaknað um að ófaglærðir gangi í störf kennara. Ef grun um slíkt er beint til félagsins, er það unnið eftir ákveðnu verkferli og eftir ástæðum er slíkt tilkynnt Menntamálaráðuneytinu. Þegar um það að ræða að ófaglærðum eru falin störf kennara, er erfitt að benda á einhver ákveðin störf sem þeir vinna heldur virðast þeir ganga í flest störf kennara skv. skoðun sem félagið gerði.

Ekki eru allar ályktanir þannig að hægt sé að „hrinda“ þeim beint í framkvæmd, heldur þarf að vinna jafnt og þétt að þeim eða aðlaga þær að daglegum rekstri.

- Tillögu um tvísköttun á greiðslum úr Vinnudeilusjóð var vísað til meðferðar hjá stjórn KÍ og enn hefur ekki orðið breyting þar á.
- Lagt var til að greiðslur til trúnaðarmanna yrðu fjórfaldaðar. Það var ekki hægt þar sem trúnaðarmenn hafa ekki fengið greitt fyrir störf sín. Stjórn FG hefur eitt féлага hjá KÍ veitt trúnaðarmönnum sína umbun fyrir vel unnin störf og á undanförunum árum hefur verið unnið að því að auka þar við.
- Aðalfundurinn beindi því til stjórnar KÍ að hún beitti sér fyrir því að starfsheiti náms- og starfráðgjafa yrði lögverndað. Í mars 2009 var það að veruleika.
- Stjórn FG beindi þeim tilmælum til menntamálaráðherra og annarra sem fara með málefni grunnskólans að leitað yrði leiða til að jafna hlutfall kynja í stétt grunnskólakennara. Því miður verður ekki sé að neinn markverður árangur hafi orðið af viðleitni þeirra aðila í þessa átt.

Lokaorð

Það var svolítið sérstakt að halda aðalfund 2008 og vera í miðjum kjaraviðræðum. Þær kjaraviðræður mörkuðu ákveðin tímamót í samskiptum okkar við sveitarfélögin. Samningsaðilar sameinuðust um aðferðafræðina sem notuð skyldi og lögðu í mikla sameiginlega undirbúningsvinnu. Í kjölfarið setti félagið sér samningsmarkmið sem öll náðust. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta og ekki dæmi um slíkt áður í sögu kennarasambandsins. Niðurstaðan var í huga samninganefndar alveg skýr. Bæði var verið að samþykkja þær kjaraleiðréttingar sem í samningnum fólust og þá aðferðafræði sem notuð var. Eins voru í samningnum fyrirheit um áframhaldandi vinnu samningsaðila. Í kjarasamningnum 2008 var tekið á launaleiðréttingum og í þeim kjarasamningi sem við tæki, átti að semja um lagfæringar er tengjast ýmsum þáttum er snúa að vinnuumhverfi kennara. Aðilar voru sammála um að nota sömu aðferðafræði og gafst vel 2008. Því miður hefur sameiginleg undirbúningsvinna ekki enn farið af stað vegna afleiðinga bankahrunsins.

Í stað þess að halda áfram þeirri sókn sem hófst með kjarasamningnum 2008 höfum við allt síðasta kjörtímabil verið að verjast, eins og þjóðin öll. Ákveðið var að við skyldum verja kjarasamninginn af fullum krafti og hvergi gefa eftir og á sama tíma verja störf kennara af fremsta megni. Samhliða höfum við reynt að fylgja þeim áherslubreytingum sem gerðar voru í samskiptum okkar við sveitarfélögin og almenning í breyttri nálgun okkar í kjarasamningagerð. Sú nálgun kallar á agaðri og faglegru vinnubrögð, en hvika samt sem áður ekki frá settum markmiðum. Þetta hefur tekist og ekki hefur verið gengið á kjarasamningsbundinn réttindi okkar og atvinnuleysi meðal kennara er lítið.

Þeir eru til, bæði í röðum kennara og sveitastjórnanna, sem vilja færa samskipti okkar til fyrra horfs og færa umræðuna til baka í skotgrafirnar, út á vígvöll fjölmiðlanna. Á síðustu árum hefur okkur oft verið ögrað af sumum frammámönnum sveitarfélaganna og hefur þeim þá verið svarað eftir því sem við á. Stundum hefur verið erfitt að sitja á sér að svara ekki þeirri ómálefnalegu gagnrýni sem fram hefur komið. En í trausti þess að ný og bætt vinnubrögð beri árangur, höfum við haldið stefnu okkar til streitu.

Við megum ekki gefast upp fyrir þeim sem vilja skemma þann árangur sem náðst hefur. Við verðum að halda ótrauð áfram á þeirri braut sem við erum á. Í kjölfar verkfalls 2004 var kallað eftir breyttum áherslum varðandi kjarasamningagerðina. Því var svarað með afgerandi hætti með samningi 2008 með gjörbreyttri aðferðafræði og sýn. Sama aðferðafræði hefur enn sem komið er varið samninginn og störfin okkar. Af hverju að kasta frá okkur því sem vel hefur reynst?

Nú er tækifæri til nýrrar sóknar. Íslenskt samfélag er smám saman að rísa upp úr öskustónni og bjartari tímar eru framundan. Það mun taka nokkurn tíma að komast yfir afleiðingar bankakreppunnar. Eitt af því sem til þarf svo það megi takast er að sveitarfélögin viðurkenni í verki mikilvægi allra uppeldisstétta. Við höfum sett okkur það samningsmarkmið í yfirstandandi kjaraviðræðum að auk launaleiðréttinga verði samið um tímasetta verk- og aðgerðaáætlun á stuttum samningstíma. Aðgerðaáætlun þar sem

kennarastarfið verði krufið til mergjar og skoðað hvernig það hefur breyst á síðustu árum. Áætlun, sem mun skoða kennarastarfið, starfslýsingar, þau verkefni sem ætlast er til að kennarar vinni, endurmenntun, samsetningu bekkja o.s.frv. o.s.frv. Þessi skoðun verði unnin í samstarfi við sveitarfélögin og reynt að ná saman um hvaða leiðir verða farnar inn í framtíðina. Niðurstaðan úr þessu verði borin undir kennara í þarnaesta kjarasamningi snemma árs 2012 til samþykktar eða synjunar.

Núverandi forysta FG, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og svæðaformenn hafa lagt ríka áherslu á að sú vinna sem þarf að fara fram á vegum félagsins verði meðal sem allra flestra kennara og að allir félagsmenn geti á einhvern hátt komið að þeirri vinnu. Á þann hátt munum við kappkosta að reyna að ná fram víðtæku samkomulagi með kennurum um hvaða leiðir skulu valdar og setjast með þær leiðir við samningaborðið. Takist samningar á grundvelli þessa, eykur það líkurnar á að sátt skapist um skólastarfið milli kennara, sveitarfélaga, foreldra og annarra sem að þessum málum koma.

Nú í apríl 2011 urðu tímamót hjá Kennarasambandi Íslands. Eiríkur Jónsson formaður KÍ allt frá stofnun sambandsins lét af störfum og varaformaður sambandsins sama tíma, Elna Katrín Jónsdóttir einnig. Engum dylst að framlag þeirra til kennarastéttarinnar er ómetanlegt og fyrir hönd grunnskólakennara eru þeim færðar hjartans þakkir fyrir frábær störf á liðnum árum.

Við formennsku í KÍ tekur Þórður Árni Hjaltested varaformaður FG. Þórður hefur sinnt starfi sínu sem varaformaður FG af stakri þrýði og á stóran þátt í þeim jákvæðu breytingum sem orðið hafa í starfi félagsins síðustu ár. Um leið og mikil eftirsjá verður að Þórði, bæði sem félagi, samstarfsmanni og leiðtoga í okkar röðum, er gott að vita af honum á góðum stað og er honum óskað velfarnaðar í störfum sínum fyrir alla kennara á landinu. Við varaformennsku í KÍ tekur Björg Bjarnadóttir, farsæll forystumaður í Félagi leikskólakennara til margra ára. Saman verða þau glæsileg forysta fyrir okkur öll.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa komið að starfi félagsins á kjörtímabilinu sem er að líða. Sesselju G. Sigurðardóttur þjónustufulltrúanum okkar fyrir dugnað og kraft, samninganefnd, skólamálanefnd, svæðaformönnum, trúnaðarmönnum og öðrum sem lagt hafa hönd á plóginn fyrir að leggja allt í sölurnar til að gera veg stéttarinnar sem mestan. Þið eigið mikið hrós skilið fyrir vasklega framgöngu.

F.h. stjórnar,

Ólafur Loftsson
formaður FG

Viðauki 1
7. ársfundur FG

Sjöundi ársfundur Félags grunnskólakennara haldinn fimmtudaginn 12. mars 2009 á Hótel Loftleiðum, Reykjavík

Ólafur Loftsson formaður FG setti fund kl. 10:00 og kynnti dagskrá. Hann stakk upp á Jóhannesi Þór Skúlasyni sem fundarstjóra og Brynju Á. Sigurðardóttur og Kristínu Jónsdóttur sem riturum. Það var samþykkt. Jóhannes tók við stjórn og kannaði mætingu með nafnakalli og kynnti breytingar á dagskrá sem voru samþykktar (tilfærsla á kaffitímum). Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara
2. Reikningar lagðir fram
3. Umræða um ársskýrslu og reikninga
4. Önnur mál
5. Formlegum ársfundi slitið

Erindi

1. Kjarasamningar, réttindi og skyldur
Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur KÍ
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A- og B- deild, séreignarsparnaður o.fl.
Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR
3. Um stöðu kennara í kreppunni
Hugo Þórisson sálfræðingur (sameiginlegt með FL)

1. Ársskýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara.

Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins frá 4. aðalfundi 2008 var dreift á fundinum. Þar er m.a. gerð grein fyrir starfsmannahaldi, fjármálum, störfum einstakra nefnda og samráðs- og trúnaðarmannafundum. Ólafur Loftsson formaður fór yfir skýrsluna með nánari útskýringum á einstökum liðum. Hann kynnti breytingar á fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir því að verið væri að leita leiða til að auka fjármagn til svæðafélaga. Einnig kom fram að verið er að fara yfir reglur um þóknanir fyrir nefndastörf og fundasetu. Hann rakti í stuttu máli vinnuferil við gerð kjarasamnings á síðasta ári og sagði frá stöðu mála í dag. Vegna óvissu um fjárhag sveitarfélaga eru samningamál í biðstöðu. Stjórn FG leggur áherslu á að upplýsa félagsmenn um réttindi og skyldur. Í lokaorðum Ólafs kom fram að óvissutímar eru framundan, kosningar til Alþingis, óvissa um gerð kjarasamninga og fleira. Félag grunnskólakennara þarf að tryggja hag skólabarna í landinu með öllum mögulegum leiðum.

Standa verður vörð um grunnskólann. Hann þakkaði síðan fundarmönnum og fjarstöddum trúnaðarmönnum fyrir störf í þágu félagsins.

2. Reikningar lagðir fram.

Fylgiskjal hvítt blað (ítarlegra sent fundarmönnum þegar það liggur fyrir) Gjaldkeri félagsins Inga María Friðriksdóttir fór yfir reikningana.

3. Umræður um skýrslu og reikninga.

Sigurjón: finnst orðalag og umræður um vanda svæðafélags of loðið og vill nánari upplýsingar.

Ólafur Loftsson: gerði nánari grein fyrir málinu og það væri allt í eðlilegu ferli. Þorgerður: taldi það geta orkað tvímælis að minnst á málið í skýrslu stjórnar en taka ekki fram hvaða félag væri rætt um og því væri betra að tak það út úr skýrslunni en hafa það óbreytt. Hún vildi fá upplýsingar um hvað kom út úr könnun meðal trúnaðarmanna (sjá bls. 6 í skýrslu) og hvernig hefði verið farið með þær upplýsingar. Einnig velti hún því fyrir sér hvort það gæti verið til bóta að hafa skýrslur svæðafélaga tilbúna á ársfundi og fjalla um þær því þar sæist hvað grasrótin væri að gera. Þorgerður ræddi Öskudagsráðstefnu KFR og velti því fyrir sér hvort hún væri ekki ígildi haustþings þó hún bæri annað nafn.

Ólafur Loftsson: niðurstöður úr könnuninni liggja fyrir og búið er að vinna úr þeim, öll frekari vinna með þær liggur niðri vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Hann taldi ekkert til fyrirstöðu að skýrslur svæðafélaganna lægju frammi á ársfundi en samkvæmt lögum FG bæri að leggja fram skýrslu stjórnar og ræða hana. Ólafur taldi Öskudagsráðstefnuna sambærilega haustþingi enda viðurkennd bæði af FG og vinnuveitanda sem veitti tíma fyrir ráðstefnuna. Þorgerður: spurði hvort það væri rétt að FG hefði lækkað bifreiðastyrk til trúnaðarmanna og hvort styrkurinn væri lægri en kjarasamningar kvæðu á um.

Þórður Hjaltested: sagði að greiðslur FG hefðu verið á svig við greiðslur annarra reglur KÍ og því hefðu greiðslur verið samræmdar miðað við reglur KÍ, en trúlega yrði að færa greiðslur til fyrra horfs.

Ólafur Bernóðusson: bað um skýringu á orðalagi í skýrslu þar sem kveðið er á um tilskilda menntun kennara. Einnig hver vegna væri rætt um deildir félaga en ekki svæði í reikningum félagsins.

Hannes: Baðst afsökunar á deildum þetta hefði verið klaufavilla sem yrði löguð strax

Kristín Jónsdóttir: sagði að í skólum væri algengt að kennarar sinntu kennslu ýmissa greina án þess að haf tilskilda menntun til þeirra því hefði þótt rétt að áréttu þetta í skýrslunni

Margrét: spurði hvort um ársreikninga væri að ræða þar sem ekki er minnst á rekstrareikning, tap né hagnað

Hannes: sagði að reikningar hefðu borist af seint til að koma með þá og því hefði ekki verið rétt að kalla þetta ársreikning þetta væru frekar tölur til að

sýna okkur afkomuna en undirritaðir reikningar yrðu sendir til fundarmanna um leið og þeir lægju fyrir.

Ólafur Loftsson: fjármálin eru ekki hjá FG heldur liggja þau alfarið hjá KÍ og formaður og varaformaður FG haf kort sem er nýtt fyrir allar greiðslur FG en eiginlegir fjármunir eru hjá KÍ

4. Önnur mál

Sigurður Haukur: Frumvarp um breytingar á Grunnskólalögum um upplýsingaskildu til foreldra. Þar er foreldri skilgreint sem forsjáraðili og það foreldri sem ekki hefur forsjá barnsins á ekki rétt á neinum upplýsingum um barnið t.d frá skóla eða gegnum Mentor. Frumvarpið er í umræðu á þingi þorgerður : spyr hvort verið sé að hnykkja á greininni

Sigurður Haukur: árið 2003 höfðu báðir foreldrar rétt á upplýsingum um barn óháð forsjá. Í grunnskólalögum frá 2008 er sá réttur einungis hjá forsjáraðila og frumvarpið felur í sér ítrekun á þessu.

Rannveig: hvað um sameiginlegt forræði

Sigurður Haukur: það virðist nóg að móðirin fari fram á að faðirinn fái ekki upplýsingar

Þórður Hjaltested: í vetur kom erindi frá lögfræðisviði

Menntamálaráðuneytisins vegna 3gr. Grunnskólalaganna. Stjórn FG sendi strax formlegt erindi til ráðuneytisins en hefur ekki fengið svar. Samkvæmt barnalögum má afhenda gögn til foreldra óháð forræði. Menntasvið Reykjavíkur túlkaði þetta þrengra og því var erindið sent til þingsins til að fá niðurstöðu.

Brynja: hver tryggir að réttar upplýsingar um forræði komist til Mentors

Lilja: telur að Menntamálaráðuneytið geri sér ekki grein fyrir hvernig málum er háttað í skólum varðandi t.d foreldraviðtöl, stundatöflur heimanám og annað sem lítur að upplýsingum til foreldra

Þorgerður: Vildi vekja athygli á Velferðarvaktinni sem er samstarfsverkefni heilbrigðis-, mennta-, og félagssviðs Reykjavíkur. Hlutverk þess er að fylgjast með líðan og velferð barna og hvernig er helst hægt að grípa inn í eins og málin standa í dag. Einnig kom hún inn á málefni kennara vegna niðurskurðar í skólamálu. Fækkun stöðugilda, stækkun bekkja, fækkun í stjórnunarstöðum svo dæmi mætti nefna.

Rannveig: fækkun stjórnenda þýddi að þeir færu í kennslu og því þyrfti að fækka kennurum í þeim skólum sem ekki væri fjölgun á nemendum. Ekki þarf að fara eftir starfsaldri þegar fækkað er

Ólafur Loftsson: Erna kemur inn á þessi mál síðar í dag. Í dag eru kennarar ráðnir til sveitarfélag en ekki við tiltekinn skóla, því ber sveitarfélaginu að bjóða kennara stöðu við annan skóla í sama sveitarfélagi næstu 5 ár ef staða losnar eða er laus. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á uppsögnum. Kennari sem fær uppsögn ætti að hafa samband við FG til að tryggja öll réttindi sem best.

Sigurður Haukur: situr í skólanefnd Kópavogs og hefur bent þeim á að um 20 leiðbeinendur séu að störfum í bænum og því sé eðlilegt að þeir fari fyrr en réttindakennarar. Einnig hefur hann bent á að kennarar séu ekki ráðnir við tiltekinn skóla heldur sveitarfélagið og því beri að bjóða þeim stöðu við annan skóla

Þorgerður: ræddi um viðbótarstund í grunnskólum Reykjavíkur. Í upphafi hafi þessar stundir verið hugsaðar fyrir heimanám nemenda til að auka jafnræði milli þeirra (þá er ekki um neitt heimanám að ræða nema lestur), en það væri mjög mismunandi hvernig skólar hafa framkvæmt þetta og sums staðar sé um almenna kennslu að ræða. Ef heimanámstíminn fellur niður standa sumir nemendur verr að vígi en aðrir þegar foreldrar eiga að aðstoða við nám barna sinna.

Lilja: í haust var verð á skólamáltíð samræmt í 250 kr. og það þýddi að gæðin urðu minni og gæti stundum skýrt fækkun á nemendum í mat. Viðbótartíminn var hrein lenging á skóladegi nemenda og tryggði að þau væru ekki ein heima ca helming dagsins þegar foreldrar voru í vinnu.

Sturla: á öllu svæði KR eru menn að reyna að verja grunnþjónustuna en fjárhagur sveitarfélaga er mjög mismunandi. Hann vakti athygli á að það eru ekki allir sem eiga rétt á aðstoð sveitarfélaga þar sem þeir hafa t.d haft of há laun til að falla undir skilgreiningar til aðstoðar. Því eru sum sveitarfélög að efla sjóði annarra t.d kirkjunnar sem gæti aðstoðað þá sem falla utan skilgreininga. Íþróttafélög munu reyna að aðstoða börn þeirra sem eru í vanda t.d með félagsgjöld og aðrar greiðslur tengdar íþróttum

Helga: Vestmanneyjar virðast ekki koma illa út en þar er reynt að fylgjast vel með til að grípa inn í ef þörf er á

Jóhannes: minnti á fund KÍ á Grand Hóteli á morgun

Ólafur Loftsson: Sagði að félög utan kennarasamtakanna eins og t.d. samtök atvinnulífsins væru sammála um að verja þyrfti börnin.

Hann kallaði eftir skýrslum og reikningum svæðafélaga og sleit síða formlegum fundi

Erindi fluttu

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur FG

Hún fór yfir réttindi kennara þegar að uppsögn kæmi og ítrekaði að uppsögn yrði að vera skrifleg og miðaðist við mánaðarmót. Tölvupóstur og munnleg uppsögn telst ekki gild. Einnig kom hún inn á að uppsögn í veikindaorlofi skerði ekki veikindarétt þannig að fyrst ljúki viðkomandi veikindaorlofi og síðan taki við 3 mánaða uppsagnarfrestur eða lengri eftir réttindum hvers og eins.

Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR

Ræddi um stöðu lífeyrissjóðsins og réttindi úr A og B sjóði

Hugo Þórisson sálfræðingur

Talaði út frá stöðu kennara í kreppunni

Hann kom inn á hlutverk kennara í samfélaginu

Í samstarfshópnum

Meðal nemenda

Og sem persónu

Viðauki 2

8. ársfundur FG

Áttundi ársfundur Félags grunnskólakennara haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Reykjavík 21. apríl 2010 kl. 10:00 – 16:00

Fundinn sátu stjórn og varastjórn FG, fulltrúar í samninga- og skólamálanefnd, formenn svæðafélaga og þjónustufulltrúi félagsins. Auk þess sátu fundinn eftir hádegi formaður Vonarsjóð og fulltrúi FG í stjórn sjóðsins.

Ólafur Loftsson formaður FG setti fund og fór yfir dagskrána. Hann stakk upp á Láru Halldóru Eiríksdóttur sem fundarstjóra og Sesselju G. Sigurðardóttur sem ritara. Það var samþykkt. Lára tók við stjórn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá ársfundar:

1. Ársskýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara
 2. Reikningar lagðir fram
 3. Umræða um ársskýrslu og reikninga
 4. Önnur mál
 5. Formlegum ársfundi slitið
 6. Eiríkur Jónsson formaður KÍ fjallar um LSR. Hvað hafa lífeyrissjóðirnir lært af hruninu? Hver eru tengsl kjarasamninga við eftirlaun kennara? Umræður og spurningar.
 7. Vinnuhópar
 - a. Málefni Vonarsjóðs. Hver er framtíðin?
 - b. Málefnaþópur. Hvaða mál á FG að leggja áherslu á fram að aðalfundi 2011
 - c. Ritun Aðalnámskrár grunnskóla
 - d. Kjaramál
 - e. Ályktanir ársfundar
1. Ólafur Loftsson formaður FG kynnti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom fram að starfsemin á árinu hafi markast að einhverju leyti af ástandinu í þjóðfélaginu sem óhjákvæmilega hafi áhrif á skólastarf í landinu. Útskýrði breytingar á greiðslum til svæðafélaga sem tóku gildi um áramótin. Nú fá svæðaformenn laun greidd frá KÍ sem og stjórnir þeirra. Gerði grein fyrir breytingum á þjónustusviði KÍ að frá og með haustinu yrði þjónustufulltrúi FG starfsmaður KÍ. Ræddi hugmynd um fundi í haust með fulltrúum FG í skólanefndum sveitarfélaganna og tengsl svæðaformanna við þá. Hann gerði grein fyrir því að af vettvangi kjaramála er lítið að gerast. Samningar eru lausir –stöðugleikasáttmálinn gerði ráð fyrir að gengið yrði frá samningum það hefur ekki gengið eftir. Hvað á að gera? Á að setja ríkissáttasemjara í málið? Það kom líka fram í máli formanns að Samstarfsnefndin hefði fundað oft. Þar væru erfiðari mál inni á borði og nú síðast hefði nefndin séð ástæðu til að bóka sérstaklega að það væri einungis þessi nefnd sem skipuð er fulltrúum samningsaðila LN og FG/KÍ sem túlkar kjarasamninginn.

Hann gerði grein fyrir breytingum á formennsku í Skólamálanefnd. Greindi frá samráðsfundum, trúnaðarmannanámsskeiðum og fundum, haustþingum, útgáfumálum og erlendu samstarfi. Einnig kom fram í máli formanns að ýmsar breytingar eru framundan hjá KÍ – nýtt félag, félag stjórnenda í leikskólum verður stofnað nú í lok mánaðarins og á næsta ári verður þing KÍ og nýr formaður kosinn og aðalfundur aðildarfélaganna í tengslum við það. Í lokaorðum hans koma fram að aðalmál líðandi árs hafi verið að verja störf og kjarasamninginn og að það hafi tekist.

Hann þakkaði síðan fundarmönnum og fjarstöddum trúnaðarmönnum fyrir störf í þágu félagsins.

2. Reikningar lagðir fram.

Inga María Friðriksdóttir gjaldkeri FG gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir árið 2009

Í máli hennar kom fram að fjárhagur félagsins er traustur.

3. Umræða um ársskýrslu og reikninga.

Fundarstjóri opnaði á umræðu um skýrsluna og reikningana.

Formaður KMSK benti án nauðsyn þess að trúnaðarmönnum væri tilkynnt strax í upphafi næsta skólaárs um væntanlegt samstarf við skólanefndarfulltrúa. Hann ræddi líka um að breytingar á heimasíðu KÍ/FG taki allt of langan tíma. Formaður KFR vakti athygli á að þátttaka KFR í Öskudagsráðstefnunni sem Menntasvið Reykjavíkur, Skólastjórafélaga Reykjavíkur og KFR standa að gæti hæglega flokkast undir haustþing. Formaður FG taldi það mjög vel koma til greina að svæðafélögin sendi inn upplýsingar um sín störf sem síðan fylgdi gögnum árs- og aðalfundar. Spurt var um handbókina fyrir svæðafélögin. Í svari formanns kom fram að hún sé væntanleg yfir miðjan maí. Það kom líka fram að áætlað er að uppfæra og gefa út aftur bæklinginn „Velkomin til starfa“. Formaður KSA spurði hvar væri hægt að lesa fundargerðir og annað efni um norrænt samstarf. Það kom fram í svari formanna að á heimasíðu KÍ eru tenglar á erlend kennarasamtök. Hann taldi líka að formenn ættu að geta fengið fundargerðir NSL funda sendar. Það kom líka fram að með tilkomu innri vefjarins verði hægt að hafa fundargerðir aðgengilegar. Spurt var um kostnað við endurskoðun reikninga félagsins. Í svari kom fram að KÍ greiði fyrir endurskoðun reikninga aðildarfélaganna. Á verkefnalista starfsáætlunar stjórnar FG sem lögð var fram er liðurinn – góðgerðamálefni. Spurt var um þann lið. Fram kom að stjórn FG hefur áhuga á að leggja eitthvað af mörkum og spurning hvornig því verði komið í fastan farveg. Fram kom fyrirspurn varðandi kostnað FG þegar starfsemi skrifstofu verður orðin miðlæg og stöðugildum á skrifstofu eyrnamerknum FG fækkar. Í svar og frekari útskýringum á fjármálum FG kom fram að framlög til FG skerðast um það sem nemur launakostnaði þeirra starfsmanna sem um ræðir.


4. Önnur mál

Heimsókn stjórnar FG til Norska kennarasambandsins – Utdanningsforbundet.

Formaður og varaformaður FG sögðu frá heimsókninni og kynntu uppbyggingu norska sambandsins og vörpuðu fram þeirri spurningum hvort við gætum lært eitthvað af þeim.

Og svöruðu spurningum fundarmanna.

Megin inntakið er að norska kennarasambandið hefur lagt niður aðildarfélög eins og við þekkjum þau. Í stað þess eru félög þvert á skólastig þar sem allir kennara eiga aðild allt frá grasrótinni – frá hinu smæsta til hins stærsta.



April 2010

Ekki voru fleiri mál á dagskrá og formlegum ársfundi slitið.

Eftir hádegið flutti Eiríkur Jónsson formaður KÍ erindi um LSR. Að því loknu var boðið upp á umræður og fyrirspurnir.

Eftir það var unnið í vinnuhópum.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktanir:

Ályktun um niðurskurð til grunnskólans

Ársfundur Félags grunnskólakennara (FG), haldinn 21. apríl 2010, lýsir þungum áhyggjum af niðurskurði fjárframlaga sveitarfélaga til grunnskólastarfs í landinu. Niðurskurðurinn birtist í minnkandi gæðum á skólastarfi. Fundurinn mótmælir harðlega ósk sveitarfélaga um að þeim sé heimilað, með breytingum á lögum, að skerða lögbundið nám grunnskólanemenda. Fundurinn skorar á sveitarfélög að standa vörð um skólastarf, efla skóla og styrkja til þess að þeir megni að sinna nemendum af kostgæfni, nú þegar kreppir að í samfélaginu.

Ályktun um kjarasamning

Ársfundur Félags grunnskólakennara (FG), haldinn 21. apríl 2010, bendir á að félagið hefur verið með lausan kjarasamning frá 1. júní 2009. FG hefur tekið þátt í stöðugleikasáttmálanum af fullum heilindum. Þrátt fyrir það hafa sveitarfélögin, nú 10 mánuðum frá undirritun sáttmálans, ekki enn gert kjarasamning við FG. Fundurinn skorar á sveitarfélögin og Launanevnd þeirra að uppfylla skilmála stöðugleikasáttmálans og gera kjarasamning við FG líkt og ríkið hefur gert við Félag framhaldsskólakennara.

Viðauki 3

Stjórn, ráð og nefndir FG

Stjórn, nefndir og ráð FG 2008 -2011

Stjórn:

Formaður: Ólafur Loftsson KFR
Varaformaður: Þórður Á. Hjaltested KMSK
Gjaldkeri: Inga María Friðriksdóttir KFR
Ritari: Guðbjörg Ragnarsdóttir KR
Meðstjórnandi: Jóhannes Þór Skúlason KFR

Varamenn:

1. Ólafur E. Lárusson KV
2. Guðmundur Bj. Gylfason KS
3. Hildur J. Agnarsdóttir KSA
4. Sigurður Halldór Jesson KS
5. Margrét Guðbrandsdóttir KR

Samninganefnd:

Örn Arnarson KFV
Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir KS
Sigurjón Magnússon BKNE
Rannveig B. Þorkelsdóttir KFR
Hreiðar Oddsson KMSK

Varamenn:

1. Guðmundur Bj. Gylfason KS
2. Ólafur Bernódusson KSNV
3. Lilja Margrét Möller KFR
4. Bergþóra Þorsteinsdóttir
5. Ásdís Ólafsdóttir KMSK

Stjórn KÍ:

Þórður Á. Hjaltested KMSK
Valgeir Gestsson KFR

Varamenn:

- 1 Þorgerður L. Diðriksdóttir KFR
- 2 Margrét Guðbrandsdóttir KR

Skólamálanefnd:

Kristín Jónsdóttir KFR form. (tilnefnd af stjórn)
Brynja Áslaug Sigurðardóttir KMSK
Guðbjörg Íris Atladóttir KFR
Kristinn Svavarsson KMSK

Ólafur Örn Pálmarsson KFR
Svava Þ. Hjaltalín BKNE
Þórunn Sif Böðvarsdóttir KFR

Varamenn:

1. Lára Guðrún Agnarsdóttir KSV
2. Valgarður Reynisson KMSK
3. Unnur Sólrún Bragadóttir KMSK
4. Líney B. Sigurðardóttir KFR
5. Kristín Pétursdóttir KMSK

Uppstillingarnefnd:

Guðbjörg Íris Atladóttir KFR
Rósa Ingvarsdóttir KFR
Valgarður Reynisson KMSK

Varamenn:

1. Auður Guðmundsdóttir KFR
2. Ingibjörg Kristinsdóttir KFR
3. Ásta Björnsdóttir KMSK

Skoðunarmenn reikninga:

Einar Örn Daníelsson KFR
Hákon Sverrisson KMSK

Varamaður:

Katrín Friðriksdóttir KMSK

Í stjórn Verkefna og námsstyrkjasjóðs (Vonarsjóðs):

Bergþóra Þorsteinsdóttir KFR (formaður)
Rósa Ingvarsdóttir KFR

Varamenn:

1. Auður Guðmundsdóttir KFR
2. Ásdís Ólafsdóttir KMSK

Viðauki 4

Fulltrúar í ráðum og nefndum á vegum KÍ

Fulltrúar FG í samstarfsnefndum og ráðum á vegum mmr. o.fl. uppfært í jan. '10			
Nefnd	Ár	Nafn	Vinnustaður
Samstarfsnefnd v/kjarasamninga:	mars '08	Ólafur Loftsson	Kennarahúsið
Varamaður		Pórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið
Samráðsnefnd m/mm, Samb.ísl.sveit. og FG/SÍ o.fl.(ný)	haust '09	Ólafur Loftsson	Kennarahúsið
Varamaður		Pórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið
Stjórn Námsgagnastofnunar:	nóv. '09	Kristinn Svavarsson	Lindaskóli
Varamaður		Sesselja G. Sigurðardóttir	Kennarahúsið
Stjórn þróunarsjóðs námsgagna:			
Varamaður	júní '07	Ásta Ólafsdóttir	Réttarholtsskóli
Stjórn námsgagnasjóðs:			
Varamaður	júní '07	Pórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið
Undanþágufnd:	okt. '08	Rósa Ingvarsdóttir	Rímaskóli
Varamaður		Pórarína V. Jónasdóttir	Safamýrarskóli
Matsnefnd (Leyfisbréfanefnd)	sept. '08	Jóhannes Þór Skúlason	Seijaskóli
Námsleyfasjóður sv.félaga og endurmenntunarsjóður	nóv. '09	Kristín Jónsdóttir	Breiðholtsskóli
Stjórn Yrkju: fulltrúi FG og SÍ	júní '09	Fjóra Höskuldsdóttir	Mýrarhúsaskóli
Stýrihópur með Heimili og skóla – SAFT	sep.04	Sigurður H. Jesson	Vallaskóli
„Náum áttum“ – forvarnarhópur	sep.05	Dýrleif Egilsdóttir	Kópvogsskóli
Olweusarverkefnið	feb. '06	Ólafur Loftsson	Kennarahúsið
Stjórn Barnamenningsjóðs	sept. '09	Guðbjörg Ragnarsdóttir	Flataskóli
Samstarfsnefnd um endurmenntun kennara	haust '08	Pórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið
varamaður		Ólafur Loftsson	Kennarahúsið
Stjórn Námsmatsstofnunar			
varamaður	'08 (?)	Sturla Þorsteinsson	Garðaskóli
Ritnefnd aðalnámskrár grunnskólans	mars '10	Pórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið
Samráðsnf. Menntavísindasviðs HÍ og KÍ	vor '09	Pórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið

Viðauki 5

Fulltrúar í samstarfsnefndum á vegum KÍ

Félagsmenn FG í stjórn, ráðum og nefndum KÍ 2008-2011

	Nafn	Vinnustaður
	<i>Þingkjörnir fulltrúar</i>	
Stjórn:	Eiríkur Jónsson	Kennarahúsið
	Ólafur Loftsson	Kennarahúsið
	Þórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsið
	Valgeir Gestsson	Grandaskóli
Varamenn:	Þorgerður L. Diðriksdóttir	Kennarahúsið/Grandaskóli
	Margrét Guðbrandsdóttir	Setbergsskóli
Kjörstjórn:	Sigurður Lyngdal	Hólabrekkuskóli
	Björk Helle Lassen	Ingunnarskóli
Varamaður:	Magnea Antonsdóttir	Fossvogsskóli
Uppstillingarnefnd:	Hjördís Þórðardóttir	Hólabrekkuskóli
Varamaður:	Katrín Kristinsdóttir	Hólabrekkuskóli
Stjórn Orlofssjóds:	Ásdís Ólafsdóttir	Snælandsskóli
	Elís Þór Sigurðsson	Grundaskóla
	Guðmundur B. Gylfason	Vallaskóla
	Sigurður Halldór Jesson	Vallaskóla
Varamenn:	Eiríka Ólafsdóttir	Borgaskóla
Stjórn Vinnudeilusjóds:	Brynja D. Matthíasdóttir	Grsk. Seltjarnarness /Valhúsaskóli
	Guðni S. Óskarsson	Grsk. í Hveragerði
Varamenn:	Kristín Kolbeinsdóttir	Hrafnagilsskóli
	Sturla D. Þorsteinsson	Garðaskóli
Stjórn Sjúkrasjóds:	Margrét Guðbrandsdóttir	Setbergsskóli
Varamenn:	Árdís Jónsdóttir	Þjórarskóli
	Kristín Jónsdóttir	Breiðholtsskóli ?
Skoðunarmenn reikninga:	Ásta Benediktsdóttir	Árbæjarskóli
Varamaður:	Ágúst Benediktsson	Hólabrekkuskóli
	<i>Tilnefndir af stjórn FG</i>	
Jafnréttisnefnd:	Kristín Helgadóttir	Álftanesskóli
Ritstjórn Skólavörðunnar:	Guðlaug Guðsteinsdóttir	Varmárskóli
Varamaður:	Ath. vantar tilnefningu	
Vinnuumhverfisnefnd:	Sesselja G. Sigurðardóttir	Kennarahúsið